

7. gr.

Ýmis ákvæði.

Nú er varningur sem tollafgreiddur hefur verið samkvæmt reglugerð þessari, seldur eða boðinn til sölu án þess að aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd, og varðar það þá refsingu samkvæmt IX. kafla laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolfettirlit.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1976 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolfettirlit skal öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 151 12. apríl 1978 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 24. maí 1978.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

22. febrúar 1978.

Nr. 196.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir verðlaunasjóð hjónanna Lárusar Björnssonar bónda og Péturínu Jóhannsdóttur húsfreyju, í Grímsungu, Áshreppi, Austur-Húnavatnssýslu, útgefin á venjulegan hátt að madatum af dómsmálaráðherra 22. febrúar 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir verðlaunasjóð hjónanna Lárusar Björnssonar bónda og Péturínu Jóhannsdóttur, húsfreyju í Grímsungu, Áshreppi, Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir verðlaunasjóður Lárusar Björnssonar og Péturínu Jóhannsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af vinum þeirra Grímsunguhjóna í Vatnsdal og víðar, hinn 13. maí 1960, í tilefni af 50 ára búskap Lárusar, 45 ára hjúskap þeirra hjóna og 70 ára afmæli Lárusar þann 10. desember s. l.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 27 500.00, er ávaxtist í Sparisjóði A-Hún. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, né heldur sameina öðrum sjóði eða sjóðum. Tekjur sjóðsins eru sá hluti vaxta, er ekki komi til útborgunar (sbr. 6. gr.), svo og áheiti og gjafir eða önnur framlög. Er allt slíkt jafnt háð ákvæðum skipulagsskrár, sem frumstofninn og má aldrei skerða.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn þannig: Ráðunautur í búfjárrækt fyrir A.-Húnavatnssýslu, formaður búnaðarsambands A.-Hún., formaður búnaðarfélags Áshrepps, einn maður kosinn af sýslunefnd A.-Hún. til 4 ára í einu, einn niðji hjónanna Lárusar Björnssonar og Péturínu Jóhannsdóttur, bónda í Grímsungu, meðan til er, annars

einhver niðji búsettur í hreppnum kjörinn af hreppsnefnd. Sé þetta hvorugt til staðar, kýs hreppsnefnd Áshrepps einn mann til 4 ára í senn. Gæslumaður og formaður sjóðstjórnar er formaður búnaðarfélags Áshrepps. Halda skal gerðabók fyrir sjóðinn og færa þar árlega reikninga hans, fundargerðir og annað sem viðkemur honum.

Reikninga sjóðsins skal endurskoða af sýslunefnd.

5. gr.

Starfssvæði sjóðsins er A.-Húnavatnssýsla og skal stjórn hans að jafnaði veita árlega verðlaun úr honum til þeirra bænda eða einstaklinga, er ná athyglisverðum árangri í kynbótum sauðfjár, hrossa og nautgripa.

Fyrir afrek í sauðfjárrækt má veita verðlaun fyrir eftirfarandi atriði:

1. Þeim sem nær bestum árangri í afurðum af fjárstofni sínum, enda sanni hann það með öruggu skýrsluhaldi og sé starfandi í sauðfjárræktarfélagi. Heimilt er að veita ekki verðlaun árlega.
2. Þeim er sýnir kostamestan afkvæmahóp hrúta þau ár sem afkvæmasýningar eru haldnar, enda sé hópurinn mjög kostamikill.
3. Þeim sem framleitt hefur þann hrút, sem best reynist við afkvæmarannsóknir á hverjum 5 árum.
4. Þeim bændum er ná bestum árangri í afurðum mjólkurkúa sinna samkvæmt skýrslum á vegum Búnaðarsamb. Austur-Húnavatnssýslu.

Verðlaun til hrossaræktar veitast þau ár sem sýningar eru og þá jafnaðarlegast fyrir best tamið kynbótahross.

Svo er og heimilt að verðlauna hvern þann félagsskap er vinnur að ræktun sauðfjár, hrossa og nautgripa og markverðum árangri nær í því starfi.

Sjóðstjórnin hefur heimild til að veita verðlaun til fleiri en einnar búgreinar á sama ári ef sérstaklega stendur á.

6. gr.

Ávallt skal minnst $\frac{1}{4}$ ársvaxta leggjast við höfuðstól. Þá getur sjóðsstjórnin ákveðið að meira af þeim leggist við höfuðstólinn, ef henni finnst ekki ástæða til fullra verðlaunaveitinga eitthvert ár. Verðlaun séu veitt í peningum ásamt skrautrituðu skjali, er í séu færð helstu atriði verðlaunaveitingarinnar.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema með samþykki Grímstunguhjóna meðan þeirra nýtur við. Eftir þeirra dag getur sjóðsstjórnin breytt skipulagsskránni, ef hún er öll sammála um það og sýslunefnd A.-Húnavatnssýslu samþykkir það án mótakvæða.